

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2025

2025/EES/38/33

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1771 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar umfang og aðferðir við varfærin samstæðu-reikningsskil samstæðu verðbréfafyrirtækis ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 19di (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1668) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„19dj. **32024 R 1771**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1771 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar umfang og aðferðir við varfærin samstæðu-reikningsskil samstæðu verðbréfafyrirtækis (Stjtið. ESB L, 2024/1771, 25.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1771, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2025 frá 14. mars 2025 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1771, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1771/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 2025/986, 12.6.2025 og EES-viðbætur nr. 38, 12.6.2007, bls. 43.